

Fréttatilkynning vegna árshlutareiknings SORPU b.s., fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem samþykkt var af stjórn samlagsins þann 25. ágúst 2008.

SORPU b.s er byggðasamlag, sem stofnað er í samræmi við ákvæði VII kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (áður IX kafla laga nr. 8/1986) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast meðhöndlun úrgangs fyrir sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sem öll eru stofnaðilar að því. Sveitarfélögin, sem aðild eiga að byggðasamlaginu, bera "in solidum" einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum þess gagnvart kröfuhöfum.

Niðurstöður:

Hagnaður SORPU b.s. fyrstu sex mánuði ársins nam tæpum 19 millj.kr. en var 64,8 millj.kr. fyrir sama tímabil árið áður. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir nam 93,4 millj.kr. en var 44,9 millj. fyrir sama tímabil á árinu 2007. Rekstrartekjur samlagsins námu 992,3 millj.kr. á tímabilinu samanborið við 945,7 millj.kr. árið 2007 sem er 4,93% hækkun. Rekstrargjöld, án afskrifta og fjármagnsliða voru 839,0 millj.kr. samanborið við 841,5 millj.kr. 2007 en lækkunin nemur tæpum 0,4%.

Heildareignir samlagsins 30. júní 2008 námu 1.916,7 millj.kr. og heildarskuldir 797,1 millj.kr. Eigið fé í lok tímabilsins var 1119,6 millj.kr. og hafði aukist um tæpar 21 millj.kr. frá því í upphafi árs. Eiginfjárlutfall var um 58,4 % en var í lok síðasta árs 60,2%.

Handbært fé frá rekstri var á tímabilinu 2008 285,1 millj.kr. en var fyrir sama tímabil árið áður 100,8 millj.kr. Veltufjárlutfall í júnílok 2008 var 1,37 og handbært fé nam um 367 millj.kr. Fjárfestingarhreyfingar voru um 138 millj.kr. og fjármögnunarhreyfingar 42 millj.kr.

Reikningsskilaaðferðir:

Árshlutareikningur SORPU b.s. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 er gerður í meginatriðum eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Áritun árshlutareiknings:

Til stjórnar SORPU bs.

Við höfum kannað árshlutareikning SORPU bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008. Árshlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Við könnuðum árshlutareikninginn eftir þeim alþjóðlegu endurskoðunarstöðlum sem við eiga um slíka könnun. Samkvæmt því be okkur að skipuleggja og haga könnuninni þannig að nægileg víska fáiast um að árshlutareikningurinn sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Könnun felur einkum í sér fyrirspurnir til starfsmanna félagsins og greiningu á helstu liðum árshlutareikningsins auk samanburðar á kennitölum. Könnun veitir því minni vissu um árshlutareikninginn en þegar um endurskoðun er að ræða. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum því ekki slíkt álit í ljós á árshlutareikningnum.

Ályktun

Könnun okkar leiddi ekki annað í ljós en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, efnahag þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Lykiltölur úr árshlutareikningi 2008

Rekstrarreikningur	1/1-30/06 2008	1/1-30/06 2007	1/1-30/06 2006
Rekstrartekjur.....	992.287.718	945.685.649	811.766.986
Rekstrargjöld.....	838.991.232	842.235.147	713.272.368
Rekstrarhagnaður án afskrifta.....	153.296.486	103.450.502	98.494.618
Afskriftir.....	(59.893.252)	(58.586.687)	(38.354.514)
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða.....	93.403.234	44.863.815	60.140.104
Fjármagnsliðir.....	(74.452.461)	19.900.318	(48.852.113)
Hagnaður ársins.....	18.950.773	64.764.133	11.287.991
Efnahagsreikningur			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	1.308.544.705	1.285.427.946	1.309.066.331
Áhættufjármunir og langtímakröfur.....	13.026.216	13.112.963	45.198.784
Skammtímakröfur.....	228.455.980	267.354.354	194.323.351
Handbært fé.....	366.689.556	204.984.009	9.759.161
Eignir samtals.....	1.916.716.457	1.770.879.272	1.558.347.627
Eigið fé.....	1.119.625.447	1.000.249.412	933.096.609
Langtímaskuldir.....	361.526.614	325.581.602	350.636.390
Skammtímaskuldir.....	435.564.396	445.048.258	274.614.628
Skuldir og eigið fé.....	1.916.716.457	1.770.879.272	1.558.347.627
Yfirlit um sjóðstreymi			
Handbært fé frá rekstri.....	285.096.679	100.796.707	51.273.969
Fjárfestingahreyfingar.....	(137.708.314)	47.245.204	(98.466.025)
Fjármögnunarahreyfingar.....	(41.507.248)	(82.469.830)	(64.155.247)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	105.881.117	65.572.081	(111.347.303)
Handbært fé í upphafi tímabils.....	260.808.439	139.411.928	121.106.464
Handbært fé í lok tímabils.....	366.689.556	204.984.009	9.759.161
Kennitölur			
Eiginfjárhlutfall.....	58,4%	56,5%	59,9%
Veltufjárhutfall.....	1,37	1,06	0,74

Reykjavík, 25. ágúst 2008.

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Guðrún Torfhildur Gísladóttir, löggiltur endurskoðandi

Ólafur G. Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi

Horfur:

Rekstrarafkoma SORPU b.s. fyrstu sex mánuði ársins fyrir fjármagnsliði er betri en áætlanir samlagsins gerðu ráð fyrir, en bæði tekjur og gjöld urðu hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Fjármagnsliðir tímabilsins eru neikvæðir og er óhagstætt gengi meginhluti skýringarinnar og verðbólga í kjölfarið. Búast má við að reksturinn verði ekki jafn hagstæður á síðari hluta ársins. Kostnaður mun hækka vegna almennrar verðlagsþróunar auk þess sem verktakasamningar voru verðbættir aukalega á miðju ári vegna verðlagsþróunar og gengisbreytinga. Sjá má fyrstu merki þess að dragi úr magni úrgangs og þar með má búast við að tekjur samlagsins dragist saman.